

Alþingi
Erindi nr. P 132/181
komudagur 28.11.2005



**UMFERÐAR
RÁÐ**
Borgartúni 30, 105 Reykjavík

24. nóvember 2005
ÓHP/sj

Samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Varðar 9. mál 2005/2006 Tillaga til þingsályktunar - Láglandisvegir

Vísað er til bréfs samgöngunefndar, dagsetts 8. nóvember 2005.

Umferðarráð hefur ekki komið saman til fundar frá því að bréf nefndarinnar barst. Undirritaður ákvað því að senda fulltrúum í Umferðarráði erindið til umsagnar í tölvupósti. Eftirfarandi svör bárust:

Frá fulltrúa Bindindisfélags ökumanna, Guðmundi Karli Einarssyni:

„Mér líst ágætlega á þessar tillögur. Það þarf náttúrulega að hafa í huga að önnur brýn verkefni sitji ekki á hakanum, en þessi framtíðarsýn er jákvæð.“

Frá fulltrúa Landsambands vörubifreiðarstjóra, Knúti Halldórssyni:

„Vissulega er þetta gott mál ef fjárveiting fæst. Það er skoðun mín að göng séu mjög arðbær fjárfesting í samgöngumálum og fagna öllum tillögum sem taka undir það.“


Frá fulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, Sigrúnu Þorsteinsdóttur:

„Slysavarnafélagið Landsbjörg tekur undir þau sjónarmið að láglandisvegir eru til þess fallnir að draga úr slyshættu og því sé eðlilegt að horfa til þessarar þróunar í framtíðinni.“

Félagið bendir aftur á móti á að víða eru slyshættur miklar þar sem umferðarþungi er mikill. Það verði að skoða hvar flest alvarlegustu slysin verði og forgangsraða verkefnum í takt við það, þar sem fjármagn til samgöngumála er takmarkað.“

Undirritaður tekur undir framangreind sjónarmið, og styður það sem fram kemur í þingsályktunartillögunni að Vegagerðinni verði falið að vinna tillögur er lúta að hugmynd flutningsmanna um aukið umferðaröryggi og styttingu leiða. Framtíðarsýn um láglandisvegi fellur vel að því meginmarkmiði Umferðarráðs að leitað sé allra tiltækra leiða til að auka umferðaröryggi.

f.h. Umferðarráðs,



Óli H. Þórðarson
formaður